

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla

2023-2024

12. júní 2024

Hermann Hermannsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir



1. Efnisyfirlit

1.	Efnisyfirlit.....	2
1	Inngangur.....	4
2	Starfsemi skólans.....	5
2.1	Námsbrautir í FSN.....	5
2.2	Markmið og hlutverk.....	5
2.3	Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál.....	7
2.4	Nám og kennsla.....	8
2.5	Námsmat.....	9
2.6	Endurskoðun námsbrauta.....	10
2.7	Alþjóðleg samstarfsverkefni.....	10
2.8	Skólaráð.....	11
2.9	Fjárhagur og rekstur.....	11
3	Sjálfsmat í FSN.....	11
3.1	Um námsárangur.....	12
3.2	Kennslumat.....	13
3.3	Sjálfsrýni kennara.....	13
3.4	Stofnun ársins 2023.....	14
3.5	HR Monitor mannauðsmælingar.....	16
3.6	Viðhorfskannanir.....	17



3.7	Viðhorfskönnun haustannar – nám og kennsla.....	18
3.8	Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta	20
3.9	Niðurstöður úr könnun fyrir útskrifaða nemendur FSN	20
3.10	Viðhorfskönnun útskriftarnema haustið 2023	21
3.11	Viðhorfskönnun útskrifaðra nemenda frá Framhaldsdeild á Patreksfirði.....	22
3.12	Framhaldsskólapúlsinn	23
3.13	Rýniviðtöl.....	27
3.14	Rýniviðtal við útskriftarnema haustið 2023	27
3.15	Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2024.....	28
3.16	Samráðsfundur um framtíð Framhaldsdeildarinnar á Patreksfirði	29
4	Styrkleikar, veikleikar og úrbætur	31
4.1	Styrkleikar	31
4.2	Veikleikar	31
4.3	Umbætur og tækifæri.....	32
5	Viðaukar og fylgiskjöl.....	36
5.1	Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla.....	36
5.2	Fylgiskjal 3 - Úrbótaáætlun 2023-2024	37
5.3	Fylgiskjal 3 – Úrbótaáætlun 2024-25.....	38




1 Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er fjölbrautaskóli sem er staðsettur í Grundarfirði og með framhaldsdeild á Patreksfirði. Skólinn hefur nú lokið sínu 20. starfsári og allt frá stofnun skólans hefur dreifnámskennsla verið áberandi í kennsluháttum skólans. Því verður haldið upp á 20 ára starfsafmæli skólans næsta haust. Við stofnun FSN voru miklar breytingar gerðar á skólahúsnæði og hugmyndafræðin á bak við kennsluhættina var með nýjum blæ og nýjum áherslum þó að líka hafi verið byggt á gömlum kenningum um skólastarf. Þáttur upplýsingatækni og möguleikar tölvutækninnar hafa alla tíð verið nýttir í skólastarfinu og skipa veigamikinn sess í kennsluháttunum. Skólinn átti að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýta meðal annars dreifnám. Enn er stefna skólans í mótun og við reynum að aðlaga okkur að breytingum sem verða í samfélaginu. Árin þegar heimsfaraldur gekk yfir eru eftirminnileg þar sem starfsfólki skólans og nemendum tókst einstaklega vel að takast á við þær áskoranir sem fylgdu kennslu á því tímabili. Nú horfum við fram á tímabundna fækkun í árgöngum í grunnskólum á upptökusvæði skólans og því er enn mikilvægara að sinna kennslu fjarnemenda en þannig getum við haldið úti óbreyttu námsframboði.



2 Starfsemi skólans

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.



2.1 Námsbrautir í FSN

Nemendur FSN geta valið um fimm námsbrautir til stúdentsprófs: náttúru- og raunvísindabraut, félags- og hugvísindabraut, íþróttabraut, frumkvöðla- og nýsköpunarbraut og opna braut. Framhaldsskólabrautir 1 og 2 er fyrir nemendur sem ekki ná tilgreindum hæfnivíðmiðum til að hefja nám á stúdentsbraut. Starfsbraut er starfandi við skólann fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Endurskoðun á námsbrautum hefur staðið yfir í vetur og er sú vinna á lokametrunum.

2.2 Markmið og hlutverk

Einkunnarorð FSN voru lengi „Framsækinn framhaldsskóli“, en vorið 2023 var farið í endurskoðun á þeim einkunnarorðum og gaf sú vinn af sér ný einkunnarorð: „Framsækni, sjálfstæði, nýsköpun“. Allt frá upphafi hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða fjarnemendum. Þessi skipan hefur gert það

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023



að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og fjarnemendur sem eru í sama áfanga eru allir í sama hópnum. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og í nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Stjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skipunartími skólanefndar lauk í júní 2022 og var ný skólanefnd skipuð haustið 2023. Við skólann starfar auk stjórnenda ráðgjafi sem sér um náms- og starfsráðgjöf (60%), fjármálastjóri (100%), mannauðsstjóri (25%), deildarstjóri starfsbrautar 100%, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði (90%), ritari (50%), húsvörður (100%), kerfisstjóri (25%), ræstitæknir (50%), og 18 framhaldsskólakennarar í 14 stöðugildum. Skólaárið 2023-2024 var aðstoðarskólameistari í námsleyfi og var hennar verkefnum skipt á milli námsráðgjafa og mannauðsstjóra.

Skólinn hefur markvisst unnið að því að kennsluhættir séu með dreifnámsniði og því áhersla á að sinna kennslu hópa þar sem bæði fjarnemendur og staðnemendur stunda nám samkvæmt sömu námskrá. Fjarnemum hefur fjölgað frá fyrra ári. Skólinn er í samstarfi við Samland, sem áður hét Fjarmentaskólinn. Samland er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta. Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Hvað varðar samstarf á milli skólastiga þá var samstarf á milli grunnskóla á Snæfellsnesi og FSN þar sem 10. bekkjum býðst að taka áfanga í kjarnagreinum undir stjórn kennara síns skóla og í samstarfi við kennara í FSN. Á vorönn 2024 stunduðu fjórir grunnskólanemendur nám við FSN. Skólastjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi ásamt skólastjórnendum FSN funda reglulega og bera saman bækur sínar. Þessi samvinna er ekki síst mikilvæg þar sem miklar breytingar hafa verið gerðar á námsmati í grunnskólum og á námsbrautum í framhaldsskólum. Í byrjun febrúar var framhaldsskólahermir í FSN. Þá komu nemendur í 10. bekkjum grunnskólanna á Snæfellsnesi og fengu að vera nemendur í skólanum



Í einn dag. Þetta er í fimmta sinn sem þessi háttur er hafður á í kynningu á skólanum og hefur verið gerður góður rómur að þessu á meðal nemenda og kennara. Nemendur í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi komu í Framhaldsdeild skólans á Patreksfirði í apríl og kynntust skólastarfi þar með svipuðum hætti.

Allir nemendur skólans eru innritaðir á námsbrautir sem voru samþykktar í apríl 2017 og hafa verið í reglulegri endurskoðun þegar nýir áfangar hafa verið smíðaðir, eldri áfangar verið lagfærðir eða nýjar brautir hannaðar.

Vendikennsla hefur verið nýtt frá stofnun skólans þó að ekki hafi verið farið að nota heitið „vendikennsla“ fyrr en síðar. Vendináms styður tvímælalaust við stefnu skólans sem miðar að því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Kennsluhættir miða við sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og byggjast upp á verkefnavinnu. Kennsla á TEAMS varð fastur liður í kennsluháttum á tímum covid-19. Kennarar og nemendur nýta þennan möguleika og hann býður upp á mörg tækifæri í fjarnámskennslu. Síðustu tvö skólaár hefur kennsla farið fram á TEAMS á föstudögum, en á vorönn 2024 var því fyrirkomulagi breytt aftur á þann veg að nemendur sækja nám sitt í skólann á föstudögum einnig.

Starfsfólk skólans fór í vinnuferð í lok maí 2024 og heimsóttu Framhaldsdeildina á Patreksfirði. Þar fór fram samráðsfundur um framtíð deildarinnar, þar sem fólk úr sveitastjórn Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps í nýstofnuðu sameiginlegu sveitarfélagi auk einstaklinga úr skólakerfinu og aðstandendur deildarinnar á svæðinu komu til fundar. Fundinum eru gerð nánari skil hér að neðan.

2.3 Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, bjóða upp á fjölbreytt nám í góðum tengslum við atvinnulífið og búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi. Framtíðarsýn skólans er áhersla á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í



starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Markmið samkvæmt stefnu til þriggja ára 2022-2024 skv.31.grein laga um opinber fjármál:

1. Að auka gæði fjölbreytts náms í FSN og fullnægjandi þjónustu við nemendur.
2. Fjölgja nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.
3. Efla ímynd skólans og kynningu á starfsemi hans, m.a. fjarnámsmöguleika við skólann.

2.4 Nám og kennsla

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og við nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara og að þeir nái betri tókum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós að bestur árangur næst og nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Einnig er upplýsingatæknin nýtt á margvíslegan hátt og fléttast hún inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfanga bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn metur vinnu nemenda frá viku til viku.

Kennslufyrirkomlag á tímum heimsfaraldurs tók töluverðum breytingum og nemendum stóð til boða sveigjanlegt námsumhverfi vegna hertra og ólíkra samkomutakmarkana. Eftir að heimsfaraldrinum lauk hefur verið haldið áfram með tilraunir með breyttri stundatöflu þannig að verkefnatímar á föstudögum fóru fram á TEAMS, þ.e. kennarar kenna að heiman og nemendur læra heima. Í rýnihópaviðtölum og viðhorfskönnunum meðal nemenda kom það fram að mörgum þótti það ekki skila nógu miklu að setja alla verkefnatíma á föstudaga. Það



væri vissulega þægilegt en nemendur nýttu sér einfaldlega þessa tíma ekki nægilega vel. Sumir ættu erfitt með að vakna, það væri enginn sérstakur hvati til að byrja daginn snemma og margir væru hreinlega búnir að koma sér í vinnu á föstudögum. Það var því ákveðið á vinnudögum á vorönn 2021 að taka upp kennslu á Teams á föstudögum og herða mætingarreglur skólans. Þær [mætingarreglur](#) tóku gildi á haustönn 2022 og hafa strax haft nokkur áhrif á mætingu nemenda. Eins og áður segir var svo aftur vikið frá því fyrirkomulagi og kennt í húsi á föstudögum til hádegis. Það fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir.

2.5 Námsmat

Námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarmat og því lítið um lokapróf. Samkvæmt skóladagatali fyrir skólaárið 2023-2024 var ekki gert ráð fyrir sérstökum prófdögum frekar en fyrri ár heldur er námsmat unnið jafnt og þétt alla önnina. Þessi breyting er til komin vegna slæmrar nýtingar á prófdögum og í viðræðum við kennara kemur fram að þeir þurfi ekki sérstaka prófdaga lengur heldur vinni þeir samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám. Próf eru lögð reglulega fyrir í flestum áföngum. Kennsluhættir skólans eru sífellt til skoðunar í viðhorfskönnunum og kennslukönnunum. Í stað lokaprófa hafa verið lokaverkefnisdagar þar sem nemendur vinna lokaverkefni ýmist í hverjum áfanga eða þvert á áfanga. Markmið þessara lokaverkefna er að nemendur sýni og nýti þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa tileinkað sér í námi.

Markmið skólans í leiðsagnarnámi eru að:

- gera nemendur meðvitaða um nám sitt og að nemendur taki ábyrgð á eigin námi
- allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarnámsvið mat á námi og ástundun nemenda,
- nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun,
- bæta námsárangur og ástundun,
- minnka brottfall,
- bæta líðan nemenda í skólanum,
- auka samvinnu kennara,
- skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarnáms.

Um leiðsagnarnám í FSN má lesa hér:

<https://www.fsn.is/is/namid/namsframvinda/namsmat-og-einkunnir>.



Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt alla önnina ásamt því að taka stuttar kannanir reglulega. Síðan á skólaárinu 2017-2018 hefur ekki verið gert ráð fyrir lokaprófum eða prófum í lotuskilum og hefur það fyrirkomulag verið síðan. Þess í stað fá nemendur tvær umsagnir á hvorri önn og eru þær í bókstöfum. Nemendur fá síðan lokaeinkunn í annarlok og er sú einkunn í tölum.

Kennarar í FSN hafa haldið áfram að þróa leiðsagnarmat og vinna ötult þróunarstarf í því samhengi. Kennarar miðla nýjum hugmyndum og þekkingu til annarra í hópnum auk þess sem möguleikar í kennsluumsjónarkerfinu Moodle eru nýttir til hins ýtrasta. Innan sjálfsmatshópsins höfum verið rætt að það sé bæði nauðsynlegt og áhugavert að skoða hvort FSN er að ná þeim markmiðum sem sett hafa verði í leiðsagnarmati, og er það ánægjuefni að segja frá því að skv. könnun framhaldsskólalápsins virðist sú vera raunin, en nánar er fjallað um niðurstöðu þeirrar könnunar síðar í þessari skýrslu.

2.6 Endurskoðun námsbrauta

Skólaárið 2022-2023 hófst endurskoðun á námsbrautum skólans. Þeirri vinnu er nú nær lokið, þar sem áhersla var lögð á að reyna að samræma betur deildirnar og gera þannig auðveldara fyrir áfangastjóra að raða nemendum í áfanga og tryggja þannig að framboð áfanga henti nemendum betur. Stefnt er á að breyta uppsetningu náms á stúdentsbrautum og hafa námsframboð á framhaldsskólabrautum fjölbreyttara.

2.7 Alþjóðleg samstarfsverkefni

Nokkur samstarfsverkefni hafa verið í gangi þetta skólaárið. Fjórir kennarar fóru í ferð til Lanzarote þar sem þeir sóttu námskeið um samspil lista- og náttúrufræðikennslu og náttúrunnar ásamt kennurum úr öðrum framhaldsskólum. Þá fóru tveir starfsmenn á námskeið á Tenerife sem sneri að því hvað væri hægt að gera til að reyna að bæta líðan starfsfólks.

Þá komu í heimsókn tveir kennarar og tveir starfsmenn AFS frá Belgíu til að skoða skólann og fylgja kennurum eftir (e. job shadowing). Lögð voru drög að aukinni samvinnu milli skólanna sem kennararnir starfa við í Belgíu, AFS og FSN. Þá hefur verið í undirbúningi samvinna við



skóla í Norrköpping í Svíþjóð í gegnum Nordplus. Einnig er verið að vinna að því að koma á fót samstarfi við skóla í Króatíu. Áætlað er að vinna að þessum verkefnum haldi áfram af fullum krafti í haust.

2.8 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og hefur skólameistari samráð við skólaráð samkvæmt reglugerð nr.260/2017 um skóladagatal og skipulag skólaársins. Á [skólaárinu fundaði skólaráð reglulega](#) og var m.a. fundað um umbótaáætlun gæðaráðs, umsagnir, vinnu við stefnu skólans, námsmatsviðmið, valáfanga á vorönn 2023, skólareglur, verkefnadaga í maí, skóladagatal 2023-2024 og stundatöflu á vorönn 2024.

2.9 Fjárhagur og rekstur

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Þetta markmið náðist árið 2023 enda var gripið til aðhaldsaðgerða og eins og áður verður aðhald í rekstri næsta skólaár.

3 Sjálfsmat í FSN

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2023-2024 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans: [Sjálfsmatsáætlun](#). Sjálfsmat er í höndum Gæðaráðs FSN sem Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri, Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, kennari og Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir, deildarstjóri Framhaldsdeildar á Patreksfirði skipa auk Hrafnhildar Hallvarðsdóttur, skólameistara.

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2023-2024 :

Haustönn 2023	Vorönn 2024
<ul style="list-style-type: none">• Kennslumat• Sjálfsrýni kennara• Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.)• Könnun um aðstöðu og kennslu	<ul style="list-style-type: none">• Kennslumat• Sjálfsrýni kennara• Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.)




<ul style="list-style-type: none"> • Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda • Viðhorfskannanir meðal starfsfólks • Húsfundur • Viðhorfskönnun fjarnema • Viðhorfskönnun staðnema - aðstaða og skipulag kennslu • Viðhorfskönnun útskriftarnemenda • Rýnihópur útskriftarnemenda 	<ul style="list-style-type: none"> • Skólapúlsinn • Rýnihópur framhaldsdeild Patreksfirði • Brottfall • Húsfundur • Rýnihópur meðal kennara og nemenda um kennsluhætti • Viðhorfskönnun útskriftarnemenda • Rýnihópur – útskriftarnemenda • Viðhorfskannanir meðal starfsfólks – HR monitor • Áætlun um umbætur
--	--

Unnið var eftir áætluninni að mestu en vert er að taka fram að við áætlunina bættist könnun sem gerð var sérstaklega meðal útskrifaðra nemenda framhaldsdeildarinnar í aðdraganda samráðsfundar um framtíð deildarinnar.

3.1 Um námsárangur

Heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og fall eru geymdar í INNU. Aðstoðarskólameistari kannar árangur í einstökum hópum, skimar einkunnir og skoðar nánar þau tilvik sem þarfnast skoðunar, með kennurum eða nemendum. Umsagnir eru gefnar tvisvar sinnum á önn og í lok annar fá nemendur einkunn í tölum. Nemendum sem brjóta reglur skólans varðandi námsárangur er boðið að skrifa undir samning um bættu ástundun. Þetta hefur gefist vel og oft hjálpað nemendum að finna rétta braut í náminu.

Skólaárið 2023-2024 útskrifuðust 37 nemendur (10 á haustönn og 27 á vorönn) frá FSN og komu útskriftarnemar frá 14 póstnúmerum. Meðaleinkunn allra nemenda á skólaárinu var 6,6 í öllum fögum á báðum önnum.



Hæst var meðaleinkunn í lýðheilsugreinum en lægst í því sem flokkast sem aðrar námsgreinar (þar má t.d. telja forritun, lokaverkefnisáfangi og upplýsingatækni svo eitthvað sé nefnt). Fylgst verður með þróun einkunnna á komandi skólaárum.

3.2 Kennslumat

Ákveðið var að fara nýja leið í kennslumati á skólaárinu og í stað þess að úrtak kennara væri metið hverju sinni þá var brugðið á það ráð að meta alla kennara samtímis og gera það á hverri önn héðan í frá. Kannanirnar voru hannaðar og upp settar sem sniðmát af gæðaráði svo þær væru staðlaðar og eins fyrir alla. Þær voru settar upp í Microsoft Forms, og þurftu kennarar aðeins að merkja sér könnunina og tilgreina þá áfanga sem þau voru að kenna og senda út á nemendur. Í könnunum voru nemendur beðnir um að nefna a.m.k. eitt atriði sem væri jákvætt við áfangann og eitt atriði sem betur mætti fara, auk þess sem spurt var út í nokkur atriði tengd kennslu. Skólameistari vann úr niðurstöðum og fór yfir þær með viðkomandi kennara í starfsmannasamtölum.

3.3 Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti voru ekki gerð sérstök skil af gæðaráði en kennarar vinna sjálfsmat og skila kennsluskýrslu til skólameistara í lok hvernar annar. Áfangaskýrslu má sjá í **fylgiskjali 1**. Í



Þessi kennsluskýrsla er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni skýrslunnar er síðan rætt í starfsmannasamtali við skólameistara.

Fyrirhugað er að skoða möguleika á vettvangsathugunum á starfi kennara til að auka enn á möguleika til mats á kennslu og starfi kennara. Þá hefur verið rætt um, eins og sjá má hér að ofan, að kennarar taki frekari þátt í kennslumatsvinnu, sem er vissulega hvetjandi til sjálfsmats.


3.4 Stofnun ársins 2023

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur tekið þátt í könnuninni Stofnun ársins undanfarin ár. Könnunin er framkvæmd af Capacent fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Svarhlutfall Fjölbrautaskóla Snæfellinga í könnuninni árið 2023 var 66%. Hlutfallið var 64% árið 2022 og árið 2021 var það 86%, 76% árið 2020 og 90% árið 2019. Könnun Gallup um stofnun ársins var send út í október og nóvember 2023 og niðurstöður hennar kunngerðar í febrúar árið 2024. Á heildina litið hækkaði skólinn í mati starfsfólks úr 4,19 af 5 upp í 4,28 (sjá mynd hér að neðan) og hækkaði þar í öllum flokkum nema jafnrétti. Þeir matsþættir sem hækkuðu mest voru *stjórnun, vinnuskilyrði og sjálfstæði í starfi*. Jafnrétti mældist þó minna og þarf að skoða hvað veldur.



Helstu niðurstöður - Þættir


Fjölbrautaskóli Snæfellinga



Eins og myndin hér fyrir neðan sýnir þá mælist *starfsandi* enn með allra besta móti miðað við sambærilegar stofnanir á landsvísu, sem og allar stofnanir í heild sem er jákvætt. Svipaða sögu má segja um *vinnuskilyrði* og *sveigjanleika vinnu og ánægju og stolt*. Það er því margt gott sem má lesa úr niðurstöðunum.



Helstu niðurstöður - Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



Gögnin voru kynnt starfsfólki og þá voru þau höfð til umræðu á starfsdögum í lok vorannar 2024. Gögnin eru mikilvægur liður í sjálfsmati stjórnenda skólans og gefa góða mynd af skoðunum starfsfólks.

3.5 HR Monitor mannauðsmælingar

Í lok árs 2022 hóf FSN samstarf við fyrirtækið HR Monitor sem sérhæfir sig í mannauðsmælingum með það að leiðarljósi að halda betur utan um upplifun starfsfólks. HR Monitor rekur forrit sem heldur utan um og sendir út kannanir til starfsfólks mánaðarlega þar sem 8 matsþættir eru mældir með einni spurningu í senn, auk einnar opinnar spurningar í lokin. Kannanir hafa verið sendar út ýmist mánaðarlega eða með tveggja mánaða millibili frá desembermánuði 2022 fram í maí 2024 og hafa skilað mikilvægum upplýsingum og upplifun starfsfólks.

Þeir matsþættir sem mælst hafa einna best frá frá því að mælingar hófust eru *kröfur um árangur, þjálfun og þróun, starfsánægja, og sjálfstæði til ákvarðanatöku*. Þeir þættir sem mælast lægstir að jafnaði eru *skýr framtíðarsýn og stuðningur frá stjórnendum*. °



Síðustu 12 mælingar

Nafn	2022				2023				2024			
	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	ágú	sep	okt	jan	apr
Árangur	3,80	4,12	3,98	4,16	4,57	4,05	4,16	4,48	4,00	4,07	4,24	4,55
Gæði & tengsl	4,31	4,14	3,41	4,40	4,73	4,23	4,38	4,68	3,61	4,08	4,63	4,29
Starfsánægja	3,50	4,86	3,81	3,90	4,20	4,55	4,20	4,76	4,72	4,08	4,36	4,57
Sjálfsæði til ákvarðanatöku	4,69	4,33	4,24	3,90	4,67	4,41	4,31	4,32	4,50	4,08	4,47	4,71
Stuðningur frá stjórnendum	3,56	3,71	3,56	4,30	4,60	3,18	3,70	4,16	3,39	3,77	4,38	4,64
Kröfur um árangur	3,44	3,85	4,29	4,40	4,60	3,77	3,75	4,42	3,33	4,69	4,31	4,50
Skýr framtíðarsýn	3,44	4,43	4,12	3,85	4,80	3,32	3,94	4,63	3,61	3,31	3,73	4,29
Áhugi, virðing & hollusta	3,06	3,95	4,12	4,20	4,27	4,50	4,94	4,42	4,44	4,38	4,00	4,79
Þjálfun & þróun	4,38	3,67	4,29	4,30	4,73	4,41	4,06	4,47	4,39	4,15	4,06	4,64
Fjöldi	17	22	17	20	15	22	16	19	18	13	16	14

Mynd 1

Eins og sést á mynd 1 þá þarf þó að skoða nokkra þætti betur, eins og „skýr framtíðarsýn“ og „stuðningur frá stjórnendum“. Það eru fordæmi fyrir því að unnið hafi verið með sérstaka þætti úr þessum könnunum á starfsmannafundum og á vinnudögum og verður það tekið til skoðunar. Hafa skal í huga að eftir því sem könnunin er send oftast út færst skýrari heildarmynd af upplifuninni og því eðlilegt að nokkrar sveiflur séu milli mánaða, auk þess sem val á spurningum hefur áhrif á svörum hvers mánaðar. Stefnt er á að halda mælingum áfram á næsta skólaári.

3.6 Viðhorfskannanir

Viðhorfskannanir hafa alla jafna verið lagðar fyrir alla nemendur skólans á hverri önn. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Kannanirnar er megindleg, í formi spurningalista, sem sendur er út á Microsoft Forms. Gæðaráð FSN ásamt kennurum skólans og nemendaráði hefur hvatt nemendur til að svara. Gæðaráð FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýnnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi.

Fyrir nokkru síðan var hætt að leggja eina alhliða viðhorfskönnun fyrir alla nemendur á hverri önn. Svarhlutfall hafði þá ekki verið ásættanlegt og lengd könnunar möguleg ástæða lélegrar svörunar nemenda. Könnunin var þá tekin í tvo hluta og aðeins annar hlutinn kannaður á hvorri




önn. Skólaárið 2023-2024 var hafður sá háttur á að lögð var áhersla á líðan nemenda á haustönn og á viðhorf nemenda til skólans og þjónustu innan hans og svo tók skólinn þátt í Framhaldsskólaláttunum á vorönn. Þannig var ákveðið að láta Framhaldsskólaláttun dekla könnun á líðan og þjónustu sem iðulega er send út á haustönn, eins og fjallað var um hér að ofan og kennslukönnunin tekin fyrir á haustönn. Þá var einnig send út könnun á útskrifaða nemendur FSN auk sérstakrar könnunar til nemenda sem höfðu stundað nám við framhaldsdeildina á Patreksfirði sem fjallað verður nánar um hér að neðan.

3.7 Viðhorfskönnun haustannar – nám og kennsla

Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2023. Alls svöruðu 65 nemendur könnuninni, 58 staðnemar í Grundarfirði og 6 staðnemar í Framhaldsdeild.

Eins og sjá má á mynd 2 kemur fram að 80% nemenda voru ánægð með að vera í FSN og 96,9% töldu að kennsla væri almennt góð þar. Misjöfn ánægja var þó með kennslu í opnum rýmum en aðeins 66,1% svarenda sögðu að þeim líkaði vel eða mjög vel við kennslu þar en 10,8% líkaði illa eða mjög illa við kennslu í opnum rýmum. 84,6% voru ánægð með aðstöðu til náms og 80% voru sammála því að þau ynnu vel og reyndu að ná góðum árangri.



Mynd 2

Þegar nemendur voru beðnir um að koma með tillögur um það hvernig mætti bæta aðstöðu til náms nefndu þeir m.a. að færa skil yfir á sunnudaga og að hafa skýrari fyrirmæli um skil á Moodle.

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023




Könnunin sýndi að aðeins 34,9% nemenda voru að nýta verkefnatíma oft eða stundum og því fróðlegt að sjá hvort að breyting á þeim muni hafa áhrif í framhaldinu. 79,7% nemenda virðast vera að nýta One Drive heimasvæði sitt til vistunar verkefna. Enn eru 15,6% nemenda sem lesa umsagnir kennara sjaldan eða aldrei. Þegar nemendur eru spurðir af hverju þeir lesa ekki umsagnir taka þeir m.a. fram að þau gleymi því, nenni því ekki og/eða horfi bara á einkunnina.

Ljóst er að stærstur hluti nemenda virðist skoða vefpóstinn sinn nokkuð reglulega en 57% þeirra skoðar hann oft eða einu sinni á dag, þó eru 9% nemenda sem skoða hann sjaldnar en tvisvar í viku eða aldrei.

Nemendur virðast samviskusamir að nýta sér Teams, 91% nemenda fara þangað inn oft eða einu sinni á dag. Það sama gildir um Moodle, þar fara 94% nemenda inn oft eða einu sinni á dag.

Nemendur virðast ekki vera að nýta sér hvorki stoðþjónustu (námsráðgjöf, umsjón, stuðningstíma, sérdeild) né þjónustu hjúkrunarfræðings að miklu marki en 58% nemenda segjast mánaðarlega, sjaldnar eða aldrei nýta sér stoðþjónustu og 54% hafa ekki nýtt sér hjúkrunarfræðinginn.

Verkefnavinna virðist skiptast nokkuð jafnt milli heimilis og skóla, 41,5% nemenda vinna þau jafnt heima og í skóla. Eins og sjá má á mynd 2 þá vinna 27,7% þau utan skólatíma (heima) og 30,8% vinna þau alfarið í skólanum.



Mynd 3



3.8 Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta

Í ljósi þess að ákveðið var að taka þátt í könnuninni framhaldaskólapúlsinum árið 2023 var ákveðið að senda ekki út hefðbundna könnun um líðan og þjónustu. Verið er að skoða hvernig best sé að haga tíðni viðhorfskannana m.t.t. aukins framboðs utanaðkomandi mælinga.

3.9 Niðurstöður úr könnun fyrir útskrifaða nemendur FSN

Könnunin var lögð fyrir nemendur sem útskrifuðust á vorönn 2020, haustönn 2020 og vorönn 2021. Alls svöruðu 19 nemendur könnuninni, 15 staðnemar í Grundarfirði, þrír staðnemar í Framhaldsdeild og einn fjarnemi. Af þessum nemendum fóru 16 í frekara nám eftir útskrift, þar af 11 í bóknám á háskólastigi innanlands, fjórir í iðnnám og einn í annað. Þegar spurt var hversu vel eða illa nemendur töldu að nám þeirra við FSN hefði undirbúið þau fyrir næstu skref kom í ljós, eins og sjá má á mynd 4, að níu nemendur töldu að námið hefði undirbúið þau mjög vel eða frekar vel, átta nemendur hvorki né og tveir nemendur töldu að námið hefði undirbúið þau mjög illa fyrir það sem þeir tóku sér fyrir hendur.

Mjög vel	2
Frekar vel	7
Hvorki né	8
Frekar illa	0
Mjög illa	2



Mynd 4

Könnunin sýndi fram á að 79% svarenda voru mjög eða frekar ánægð með kennsluaðferðir í skólanum, 84,2% voru mjög eða frekar ánægð með samskipti við kennara og starfsfólk, 73,7% voru mjög eða frekar ánægð með skólabraginn og 73,7% voru mjög eða frekar ánægð með almenna þjónustu s.s. mótuneyti, skólaakstur, námsráðgjafa, skrifstofu o.s.frv. Ekki kom fram óánægja með neitt nema almenna þjónustu en 5,3% svarenda voru mjög óánægð með þá þjónustu.

Í almennum athugasemdum kom almennt fram að svarendur hefðu kunnað vel að meta FSN, um væri að ræða persónulegan skóla sem þau væru stolt af, ánægð með leiðsagnarmatið og



einhverjir hefðu viljað vera þar í fjögur ár í stað þriggja. Eina ábendingin sem kemur fram er að nemendur hefðu heldur viljað læra APA kerfið varðandi heimildarnotkun til að búa sig betur undir Háskólann.

3.10 Viðhorfskönnun útskriftarnema haustið 2023

Viðhorfskönnun var lögð fyrir útskriftarnema á vorönn 2023, alls svöruðu 14 nemendur af 20. Tilgangur þessarar könnunar er að skoða viðhorf og upplifun nemenda á skólastarfinu, kennslunni, félagslífinu o.fl.

Niðurstöðurnar sýndu fram á að nemendur voru ánægðir með námsráðgjöfina í skólanum, um 78% svarenda töldu hana vera mjög góða eða góða. Það vakti athygli rannsakenda að í sömu könnun fyrir ári að nemendur virtust á því að andi innan skólans og samskipti gætu verið betri en aðeins 56% töldu andann vera góðan og 44% sæmilegan. Í ár voru þær tölur í 69% og 23%.

Þegar skoðað var hvort munur væri á samskiptum svarenda við aðra nemendur og svo aftur kennara og annað starfsfólk kom í ljós að 78% svarenda töldu að samskipti sín við samnemendur væru góð eða mjög góð á meðan 93% svöruðu því til að samskipti þeirra við kennara og annað starfsfólk væru góð eða

mjög góð (var 89% árið 2022).

8. Hvernig eru samskipti þín við kennara og annað starfsfólk?

[More Details](#)

● Mjög góð	7
● Góð	6
● Sæmileg	1
● Léleg	0



Nemendur voru beðnir um að gefa kennurum, félagslífi og gæðum skólans tölulega einkunn. Kennurum gáfu nemendur einkunnina 7,8 (var 7,8 árið 2022), félagslífinu 6,1 (var 5,8 árið 2022) og skólanum sjálfum (var 6,9 árið 2022). Þetta eru heldur lægri einkunnir en í fyrri könnun og enn má ætla að einkunn félagslífsins sé að hluta til skýrð af stöðu mála í samfélaginu



með tilkomu Covid-19. Af þeim sem svöruðu myndi tæplega helmingur þeirra mæla með FSN við aðra (8 svarendur af 14).

3.11 Viðhorfskönnun útskrifaðra nemenda frá Framhaldsdeild á Patreksfirði

Í maí 2024 var send út könnun á útskrifaða nemendur frá Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði. Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir, deildarstjóri deildarinnar, hannaði könnunina og vann að dreifingu hennar. Markmiðið með könnuninni var ekki að hún gæfi af sér tölfræðilega marktækar niðurstöður, enda var erfitt að vinna úrtakið vegna ónægra upplýsinga um netföng þátttakenda. Frekar var litið svo á að niðurstöðurnar gætu gefið hugmynd um upplifun einstakra nemenda og sett í samhengi við félagslegt mikilvægi deildarinnar.

Alls svöruðu 19 manns könnuninni, þar af lang flestir annað hvort frá Tálknafirði eða Patreksfirði, og meirihluti svarenda höfðu verið allan sinn námstíma eða megnið af honum í deildinni. Meirihluti taldi námið hafa nýst sér vel í áframhaldandi námi. Þá voru þátttakendur beðnir að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga varðandi skólann (sjá mynd 5) og voru þeir í langflestum tilvikum sammála því að deildin væri góður kostur fyrir nemendur á svæðinu, að stuðningur deildarstjóra væri mikilvægur og að veran í skólanum hafi hjálpað þeim að kynnast nemendum af Snæfellsnesi. Það voru þó skiptari skoðanir á því hvort þau teldu sig hafa fengið sömu þjónustu og nemendur í Grundarfirði.




5. Framhaldsdeild FSN

(0 point)

Vinsamlegast svaraðu því hversu sammála eða ósammála þú ert eftirfarandi fullyrðingum um framhaldsdeild FSN á Patreksfirði:

[More Details](#)



Mynd 5

Í opnum svörum undir lok könnunarinnar kom svo ýmislegt nytsamlegt í ljós. Þar nefndu nemendur m.a. hversu mikilvægar ferðir deildarinnar í Grundarfjörð hafi verið, en nemendur fara þrisvar sinnum á önn í staðlotu í Grundarfjörð þar sem þau mæta í kennslustundir með staðnemunum þar. Þá var talað um mikilvægi þess að deildin sé í boði fyrir nemendur á svæðinu.

3.12 Framhaldsskólapúlsinn

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók þátt í Framhaldsskólapúlsinum vorið 2024 eins og gert hafði verið haustið 2022. Stefnt er á að taka þátt að minnsta kosti annað hvert ár hér eftir. Með nemendakönnun Framhaldsskólapúlsins er lagt mat á námsumhverfi, vikni í námi og líðan nemenda. Niðurstöðurnar eru birtar í nafnlausum samanburði við sambærilega skóla.



Könnunin er í þremur hlutum, þar sem námsumhverfi, virkni í námi og líðan. Auk þess eru opnar spurningar í lokin. Svarhlutfall nemenda FSN var 77,6% en var 86,6% í síðustu mælingu.

1. Námsumhverfi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	58,8%	30/51	5,5%	69,8%	833/1227	-11,0%
1.2. Samsömun við nemendahópinn	4,6	50	0,3	4,6	1.236	0,0
1.3. Stuðningur kennara við nemendur	6,6	50	0,4	5,6	1.239	1,0*
1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	6,3	50	0,4	5,4	1.235	0,9*
1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	6,8	50	0,1	5,7	1.233	1,1*
1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	6,6	50	0,1	6,0	1.228	0,6
1.7. Jafnrétti í skólanum	5,0	51	-	4,9	1.255	0,1

Mynd 6

Þegar við skoðum yfirlitið yfir fyrsta hlutann, námsumhverfi sést að viðhorf og hollusta við skólann er á uppleið, eftir að hafa tekið tölfraeðilega marktæka neikvæða dýfu í síðustu mælingu. Þar að baki liggja spurningar á borð við:

- Á heildina litið líður mér vel í skólanum
- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með skólann minn
- Ég get mælt með skólanum mínum við vini mína
- Ég er stolt(ur) af skólanum mínum

Hér ber að hafa í huga að saman borið við hina skólana í könnuninni sést að þessi breyting á milli ára er meiri en í öðrum skólum svo þetta er ekki einangrað tilvik, þó FSN sé enn undir landsmeðaltali. Þá var þróunin í matsþættinum samsvörun við nemendahópinn sú sama og á landsvísu milli mælinga.

Þá meta nemendur stuðning kennara, tíðni leiðsagnarmats og virka þátttöku í tímum marktækt hærra en í samanburðarskólunum og. Þar skora kennarar í FSN hátt í viðhorfsspurningum á borð við:

- Kennarinn veitir auka aðstoð ef nemendur þurfa á henni að halda
- Kennarinn heldur áfram að útskýra þar til nemendurnir skilja



Það er því ljóst að í FSN er lagt mikið upp úr persónulegum kennsluháttum og leiðsagnarmati og er því greinilega verið að gera eitthvað rétt.

2. Virkni í námi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Námsáhugi	5,5	51	0,6	5,8	1.251	-0,3
2.2. Vinnulag í námi	4,8	51	0,3	5,1	1.246	-0,3
2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma	64,7%	33/51	10,8%	67,5%	797/1245	-2,8%
2.4. Fjarvera: Skróp í tíma	51,0%	26/51	1,0%	45,7%	580/1243	5,3%
2.5. Fjarvera án leyfis heilan dag	31,4%	16/51	9,0%	25,4%	312/1244	6,0%
2.6. Ástæður fyrir fjarveru	-	24	-	-	-	-
2.7. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku	50,3 klst.	49	7,6 klst.	45,5 klst.	1.162	4,8 klst.
2.8. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Skólinn	25,1 klst.	50	1,2 klst.	24,3 klst.	1.243	0,8 klst.
2.9. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Heimanám	8,4 klst.	49	2,5 klst.	5,6 klst.	1.152	2,8 klst.
2.10. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Launuð vinna	8,2 klst.	45	0,2 klst.	9,5 klst.	1.102	-1,3 klst.
2.11. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Tómsundur og æfingar	8,6 klst.	49	3,8 klst.	6,0 klst.	1.116	2,6 klst.

Mynd 7

Á landsvísu hefur námsáhugi minnkað og það sama á við um hjá nemendum FSN. Fjöldi tíma varið í formlegar skyldur hrekkur niður úr 46,3 árið 2019 í 42,7 árið 2022 og fer þannig úr því að vera yfir viðmiði á landsvísu í það að vera undir því í síðustu mælingu (2022) yfir í að vera með hæsta móti á landsvísu í þessari nýjustu mælingu, eða 50,3 tímar á viku. Það er eitthvað sem þarf að rannsaka betur og gæti verið áhyggjuefni ef þróunin heldur áfram í þá átt.



3. Líðan

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Velliðan	4,6	57	0,7	4,3	1.405	0,3
3.2. Hamingja	75,4%	43/57	10,0%	65,9%	957/1404	9,5%
3.3. Sjálfsálit	4,6	57	0,2	4,4	1.380	0,2
3.4. Stjórn á eigin lífi	4,0	51	0,3	3,7	1.312	0,3
3.5. Þunglyndi	18,0%	9/50	2,2%	17,0%	184/1264	1,0%
3.6. Kvíði	22,0%	11/50	-8,7%	33,3%	378/1264	-11,3%
3.7. Svefnleysi	23,5%	12/51	-17,3%	36,9%	435/1273	-13,4%
3.8. Ástæður svefnleysis	-	45	-	-	-	-
3.9. Einelti	13,7%	7/51	-2,3%	14,1%	188/1250	-0,4%
3.10. Áreitni og ofbeldi	19,6%	10/51	-2,0%	27,7%	338/1252	-8,1%

Mynd 8

Kvíði og svefnleysi meðal nemenda mælist minna en í síðustu mælingu, sem er öfug þróun við það sem við sjáum á landsvísu. Hamingja mælist hærri í FSN en á landsvísu auk þess sem tilfellum af áreitni og ofbeldi fækkar. Þrátt fyrir að hvergi sé tölfræðilega marktækur munur á mati nemenda FSN á matsþáttum tengdum líðan þá eru þetta allt atriði sem þarf að skoða nánar og verða skoðuð nánar.

Niðurstöður framhaldsskólupúlsins eru gríðarlega mikilvæg verkfæri fyrir skólastjórnendur. Bæði tryggja þær að hægt sé að vera meðvituð um ástandið en einnig hjálpar það til við að finna leiðir til að bregðast við. Þá skal ekki ósagt látið allt það jákvæða sem fram kemur og getur staðfest hvað er að virka – ekki bara hvað er ekki að virka. Þar má nefna jákvæðar niðurstöður sem snúa að kennslu og hlutverki kennara í þessari mælingu, sem er rós í hnappagat kennara skólans. Sumt sem kemur fram í svona könnun er eitthvað sem hægt er að vinna með innan húss, annað er kannski tengt stærri samfélagslegum málum. Hvort heldur sem er er það að vita hver staðan er algerlega bráðnauðsynlegt.



3.13 Rýniviðtöl

Tekin voru tvö rýnihópaviðtöl á skólaárinu. Tekin voru rýniviðtöl við útskriftarnema við lok hvorrar annar. Gerð var tilraun til að fá foreldra nemenda við framhaldsdeild í rýniviðtal en gekk það ekki upp í þessari umferð en verður reynt aftur á komandi skólaári. Í rýniviðtölum er markmiðið að fá betri svör frá nemendum og starfsfólki. Auk þess eru rýniviðtöl góður vettvangur til þess að kanna betur ákveðna þætti sem vekja athygli gæðaráðs eins og viðhorf þeirra og upplifun af skólanum.

3.14 Rýniviðtal við útskriftarnema haustið 2023

Útskriftarefni voru tekin í rýniviðtal um dvöl þeirra við skólann eins og gert hefur verið síðastliðin ár, viðtalið tók Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir þann 6. desember 2023 í Fiskabúrinu, sem er fundarstofa í skólanum.

Hvað taka þau með sér úr FSN? / Framtíðaráform: Flestir útskriftarnemarnir voru með áform um að taka sér hlé frá námi og fara að vinna eftir útskrift. Sum þeirra voru búin að ákveða í hvaða framhaldsnám þau ætla í, önnur eiga eftir að ákveða sig en öll stefna að framhaldsnámi. Þegar nemendur voru spurð hvernig námið í FSN myndi nýtast þeim í framtíðinni þá töldu þau það misjafnt eftir því hvað þau muni taka sér fyrir hendur. Þau telja sig hafa lært mis mikið, eftir áföngum. En þau töldu sig þó öll hafa lært góð vinnubrögð hvað varðar sjálfstæð vinnubrögð og skipulag og voru sammála um að það muni nýtast þeim hvort sem er í framhaldsnámi eða öðru sem þau munu taka sér fyrir hendur.

Samskipti við starfsfólk og aðra nemendur: Nemendur voru öll sammála um að samskipti við kennara og starfsfólk væri góð. Þeim þykir þau hafa góðan og greiðan aðgang að kennurum. Þau tala um að kennarar hlusti og séu reiðubúin til að aðstoða. Þau tala sérstaklega um hversu aðgengilegir kennarar eru í gegnum TEAMS og þeir svari fljótt og vel.

Félagslíf: Nemendur sögðust hafa kynnst öðrum krökkum á skólagöngunni. Þau segjast flest hafa tekið þátt í félagslífinu sem eru á vegum nemendafélagsins. Sum voru virk, önnur minna og taka þátt ef þau hafa tíma. Til umræðu kom að þeim þætti mega vera meira af íþróttaviðburðum. Þau töluðu um hversu skemmtilegt væri að taka þátt í West-Side.



Kennsluaðferðir og verkefnaálag: Nemendur töluðu um að kennsluaðferðir og verkefnafyrirkomulag væri gott. Þau töldu það henta sér vel að vinna verkefni jafnóðum í stað lokaprófa. Sögðust ekki þurfa að byggja upp stress vegna lokaprófa og vinna í stað verkefnin jafn og þétt. Nemendur töluðu um að það væri ókostur að þurfa að mæta í tíma á föstudögum, að þau væru líkleg til að nenna ekki að mæta heiman frá sér og töldu einhver að það væri ekki skyldumæting á tíma á föstudögum.

Nemendur telja kröfurnar í skólanum sanngjarnar hvað varðar verkefnaálag, mat verkefna og fl. Einnig fannst þeim ekki misjafnar kröfur á milli áfanga, þó auðvitað þyngdist róðurinn eftir því sem áfangarnir komast upp á hærra þrep.

Misjafnt var hvort nemendur nýttu sér umsagnir kennara af verkefnunum til að gera enn betur en þau lásu öll og nýttu sér námsmatið sem kemur inn tvisvar sinnum á önn.

Hvers munu þau sakna – ekki sakna: Nemendurnir töluðu um að eiga eftir að sakna kennara og starfsfólks, að vera í rútinu og félagslífsins. Þegar þau voru spurð hvers þau eigi eftir að sakna minnst nefndi einhver að keyra í Grundarfjörð á hverjum degi og þegar það þarf að skila verkefnum. Að lokum gafst þeim færi á að koma með ábendingar um ef það væri eitthvað sem þeim þykir vanta í skólann eða mætti gera betur þá komu fram atriði eins og að geta keypt stakan miða í mötuneytið, hafa sjoppu og að gott væri að hafa kæli í skólanum þar sem þau geta geymt mat og drykki.

3.15 Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2024

Rýniviðtal við útskriftarnema fór fram miðvikudaginn 15. maí 2024. Viðtalið var tekið í á skrifstofu aðstoðarskólameistara og komu þrír útskriftarnemar til viðtals við Hermann Hermannsson, mannauðsstjóra. Eins og áður var lagt upp með að spyrja nemendur út í veru þeirra við skólann, hvernig þau mátu samskipti við starfsfólk og samnemendur, námsmat og kennsluhætti og loks hvernig þeim þætti þau vera undirbúin fyrir næstu skref í lífinu eftir nám við FSN.

Almennt voru nemendur ánægðir með veru sína við skólann og sögðu að þau myndu sakna félagsskaparins, hvort sem það væri við nemendur eða starfsfólk, þó það væri kærkomið að



vera að ljúka námi einnig. Þau voru öll sammála um að tíminn hefði verið ánægjulegur og hefðu þá jafnvel getað hugsað sér að vera lengur en önnur þeirra voru bara æ. Ekkert þeirra sem komu til viðtalsins ætluðu sér beint í frekara nám þó sum þeirra væru búin að ákveða hvert næsta skref yrði að loknu smá námshléi.

Viðmælendur voru sammála um að samskipti við kennara og starfsfólk hafi verið góð. Kennarar hafi veitt góða þjónustu og verið til staðar hvort sem það var í með hjálp tækninnar eða í eigin persónu. Það hafi hjálpað til að skólinn sé svona lítill þar sem nemendur eru ekki bara kennitölur á blaði. Þetta hafi að sama skapi hjálpað þeim að læra að leita sér aðstoðar og auðvitað koma sér upp sjálfstæðum vinnubrögðum. Samskipti milli nemenda hafi þá verið góð, þrátt fyrir að það hafi ekki alltaf verið mjög mikið félagslíf, kannski út af covid, kannski út af fleiri þáttum.

Almennt séð sögðu nemendur að vel sé staðið að kennslu og endurgjöf meðal kennara en þó hafi nokkrir kennarar átt það til að draga það að fara yfir verkefni og það hafi verið óþægilegt því þetta sé verkfæri sem nemendur nýti sér mikið. Það hjálpi lítið ef einkunnir fyrir öll verkefni skil sér bara á námsmatsdögum með umsögninni á INNU. Þetta var nefnt sérstaklega til og þarf að skoða nánar, og er ekki í fyrsta skipti sem það hafi komið fram. Annars séu kröfur til nemenda frekar svipaðar milli áfanga á sömu þrepum. Þá muni þau sérstaklega vel eftir verkefnum sem gáfu færi á að vera skapandi og slík verkefni séu skemmtilegust. Leiðsagnarmatið sé gott fyrirkomulag og það sé gott að vita hvar maður sé staddur yfir alla önnina.

Þeim fannst öllum veran við skólann hafa verið ánægjuleg og hafi hjálpað þeim að þroskast og ekki síst veitt þeim sjálfstraust og þjálfað í að skipuleggja vinnu sína – að vinna jafnt og þétt. Viðmælendur stefndu allir að frekara námi eftir hlé, það sé kominn tími til að slaka aðeins á. Að lokum var bent sérstaklega á að það mætti vera líkamsrækt í skólanum.

3.16 Samráðsfundur um framtíð Framhaldsdeildarinnar á Patreksfirði

Loks er vert að fjalla aðeins um þá vinnu sem fram fór á samráðsfundinum sem nefndur hefur verið hér á undan. Til fundarins komu annars vegar aðstandendur, skólafólk,



sveitarstjórnarfolk og fleiri sem hafa eitthvað með hagsmuni deildarinnar að gera og hins vegar starfsfolk skólans. Markmiðið var að kynna niðurstöður könnunarinnar sem send var á útskrifaða nemendur og fjallað var um fyrr í þessari skýrslu og vinna SVÓT greiningu á stöðu deildarinnar. Þátttakendum var skipt upp í blandaða hópa og niðurstöðum safnað saman á Padlet.

Styrkleikar voru m.a. þeir að í svona fámennri deild ættu allir að fá þjónustu við sitt hæfi, það styrkir nærsamfélagið að halda þessum aldurshóp í heimabyggð, námsmat og kennsluaðferðir henta aðstæðum.

Veikleikar sem taldir voru til voru t.d. fámennið, skortur á félagslífi, skortur á tólmstunda- og íþróttastarfi, neikvæð umræða um og fáfræði um starf deildarinnar

Ógnanir voru þá helst minnkandi árgangar = færri nemendur, baráttan um fjármögnun deildarinnar, lítill áhugi fyrir deildinni meðal nemenda, það að ferðir í staðlotur séu valkvæðar og hvernig þær séu fjármagnaðar.

Tækifæri voru þá helst á sviði markaðssetningar á svæðinu, samstarf við fyrirtæki á svæðinu og aðra skóla, að efla fjarnám eldri nemenda, efla félagslíf á svæðinu og efla kynningu á unglingsstigi.

Það er ljóst á niðurstöðum fundarins að tilvera deildarinnar er mikilvæg, þó hún standi höllum fæti núna. Það virtist vera almennt viðhorf fundargesta að það þyrfti samhent átak til þess að halda deildinni við og efla hana. Það gerist ekki öðruvísi en með þátttöku allra sem að skólanum koma.



4 Styrkleikar, veikleikar og úrbætur

Í ytri úttekt sem gerð var haustið 2020 var bent á ákveðna styrkleika og veikleika og hefur verið unnið að því að bæta úr veiklu þáttunum og vinna meira með styrkleikna. Einnig er unnið að úrbótum þegar einhverjir veikleikar koma upp í innra mati skólans.

4.1 Styrkleikar

Styrkleikar FSN eru fjölmargir. Það kemur fram í innri úttekt, viðhorfskönnunum, niðurstöðum í stofnun ársins og rýnihópum að andinn í skólanum er góður og líðan nemenda er almennt góð. Samskipti milli nemenda og starfsfólks eru mjög góð og nemendur upplifa samskipti á þeim vettvangi alla jafnan sem sanngjörn og lýðræðisleg. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í öllum áföngum og kennslustundir eru skipulagðar með því markmiði að þær nýtist jafnt nemendum í staðnámi og fjarnámi. Við skólann starfar vel menntað fólk sem hefur metnað fyrir hönd skólans og námsárangri og vellíðan nemenda sinna. Þetta hefur skilað sér til nemenda sem eru ánægðir með sinn hlut.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er með hóp starfsmanna sem hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans og er stolt af þeirri vinnu sem er unnin hér. Frá og með haustönn 2021 voru allir kennarar með kennsluréttindi. Starfsmannahópurinn einkennist af samhug og metnaði gangvart nemendum sínum og kennslunni. Nálægðin sem stærð skólans getur af sér hefur löngum verið einn helsti styrkleiki hans og ber starfsfólk hag þeirra fyrir brjósti. Þannig eru allir tilbúnir að leggjast á eitt við að leysa öll þau mál sem koma upp, góð eða slæm. Það er einstakt og ber að hlúa að því.

4.2 Veikleikar

Á haustönn 2020 fór skólinn eins og áður segir í gegn um ytra mat. Þar komu fram ýmis tækifæri til umbóta og má telja sum þeirra til veikleika innan stofnunarinnar, auk þess sem fylgja þarf eftir vinnu við stefnumótun. Þar er nefnd þörfin fyrir það að skerpa á stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans og um leið að aðkoma haghafa sé tryggð við stefnumótun. Stefnumótun er nú í fullum gangi, með það að leiðarljósi að móta heildræna stefnu sem talast á við alla þætti skólastarfsins.

Starfsemi skólaráðs og skólanefndar þarf að gera skilvirkari og markvissari og þá þarf að fylgjast með framvindu í innra mati skólans, með því að bera saman gögn milli ára og setja fram á myndrænan hátt. Það hefur verið stefna gæðaráðs að vinna eftir einmitt þeim



formerkjum á liðnu skólaári. Einnig er foreldraráð óvirkt og hefur verið og þarf að leita leiða til að laga það.

Þá þarf að passa upp á að nemendur og kennarar vinni eftir stefnu skólans í náms- og kennsluháttum og að þeim sé viðhaldið, og meta ávinning nemenda af því fyrirkomulagi sem skólinn einsetur sér að vinna eftir - leiðsagnamati.

4.3 Umbætur og tækifæri

Á vinnudögum í maí 2023 var Sigríður Hulda Jónsdóttir frá SHJ ráðgjöf til að vinna með starfsfólki skólans. Viðfangsefni dagsins voru stefna skólans, lykilþættir í starfsánægju, samskipti og vinnustaðamenning. Einnig var fjallað um fjarkennslu og hvernig best væri að efla nemendur í samskiptafærni og liðsheild. Á sömu vinnudögum kom Jenný Gunnbjörnsdóttir til að vinna með starfsfólki FSN að stefnu skólans og leiðsagnarmati. Yfirskrift vinnunnar var Horft til framtíðar. Starfsfólk vann með spurningarnar hvar erum við sterk og hvernig nýtum við þá styrkleika til að efla skólasamfélagið – starfsanda og metnað til að gera enn betur. Sú vinna skilaði sér í nýjum einkunnarorðum skólans og gaf skýra mynd af því hvernig starfsfólk metur styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri skólans.

Við höfum samstarf á milli skólastiga á Snæfellsnesi. Námsráðgjafi á fundi með foreldrum á öllu upptökusvæði skólans og námsráðgjafi hitti alla nemendur 10.bekkar á svæðinu. Á vorönn höfum við framhaldsskólahermi í skólanum en þá er öllum nemendum 10.bekka á upptökusvæði skólans boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Hefur þetta mælst vel fyrir hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki og er nú orðinn fastur liður í starfsemi skólans.

Samstarf í Fjarmentaskólanum hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN býður ekki upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmentaskólunum. Þetta samstarf er líka mikilvægur vettvangur þar sem stjórnendur í þessum skólum hittast á reglulega á símafundi allan veturinn.

Í sjálfsmatsskýrslu 2015 var formleg stefna skólans og efling mannauðs m.a. nefnd til veikleika. Haustið 2019 var ráðinn mannauðsstjóri í 25% stöðu sem hefur það m.a. á sinni könnu að vinna að stefnumótun fyrir skólann, auk þess sem hann sinnir móttöku nýrra starfsmanna,

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023



fræðslumálum og öðru. Má því telja úrbætur á því sviði hafnar. Þá var stefnumótun unnin fyrir skólaárið 2020-2021 auk þess sem hafist var handa við heilðræna stefnumótun fyrir stofnunina á vinnudögum kennara vorið 2021. Í lok vorannar 2022 var skólanum úthlutaður styrkur úr Sprotasjóði til vinnu við stefnumótun. Vinna að stefnumótun stóð yfir skólaárið 2022-23 og endaði með stefnumótunarvinnu á meðal starfsfólks á vinnudögum vorið 2023.

Í síðustu sjálfsmatsskýrslu var gerð úrbótaáætlun fyrir veturinn 2023-24 (sjá fylgiskjal 2) sem taldi 6 markmið sem lagt var upp með að uppfylla á skólaárinu eða í það minnsta vinna áfram. Hér verður farið stuttlega yfir árangur í þeim atriðum og loks hvað það er sem mun verða áherslan í úrbótaáætlun næsta skólaárs.

Samhæfa stefnur skólans, fækka þeim og gera aðgengilegri: Stefnumótun gekk ekki jafn vel fyrir sig og fyrri ár. Það er full ástæða til að skipuleggja það starf sem þarf að vinna á skiplagðan hátt og gera áætlun um hvernig skuli vinna að þessum málaflokki, hverjir komi að honum og hvenær eigi að klára hvert verk. Þessi þáttur verður áfram til skoðunar á úrbótaáætlun.

Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi: Það er ljóst að tímarnir eru að breytast og mennirnir með. Aðstæður fyrir félagslíf hafa þannig tekið breytingum, sem óvíst er hvort að stafi af áhrifum heimsfaraldursins eða annarra samverkandi þátta. Þar má sérstaklega taka það dæmi til umfjöllunar að erfiðlega gekk fyrir nemendafélagið að halda böll vegna dræmrar mætingar. Það er vandamál sem þekktist á landsvísu hjá þessum aldurshóp og e.t.v. kalla þessar nýju aðstæður á nýjar útfærslur. Nemendafélagið var mjög virkt á þessu skólaári og verður það vonandi þróun sem heldur áfram á komandi skólaári. Þá er mikilvægt að huga sérstaklega að félagslífinu í Framhaldsdeildinni á Patreksfirði.

Að bæta viðhorf gagnvart stjórnun skólans og ímynd stofnunar: Niðurstöður framhaldsskólupúls, mannauðsmælinga HR og stofnunar ársins benda til þess að viðhorf nemenda og starfsfólks gagnvart skólanum fari batnandi. Það er e.t.v. ekki síst því að þakka að umræða innan skólans um hann (sjálfsálit heildarinnar ef svo má segja) hefur verið jákvæðari en oft áður. Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að þessum þáttum, tala upp skólann því nemendur og starfsfólk hafa fulla ástæðu til þess að vera góð með sig. Það var ekki síst þegar niðurstöður SamSTEM hópsins sem er samstarfsverkefni háskólanna á Íslandi um að fjölga

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023



Þeim sem ljúka háskólanámi, sérstaklega í raungreinum voru kunngerðar. Þær gáfu til kynna að útskrifaðir nemendur FSN eru í 6. sæti yfir þá nemendur sem klára sitt framhaldsnám í háskólum landsins og það er frábær árangur.

Að fjölga fjarnemum við skólann til að sporna við við fækkun nemenda í skólanum vegna fækkunar í komandi nýnemaárgöngum: Á skólaárinu 2023-24 voru fjarnemar við skólann fleiri en staðnemar. Það virðist sem að markaðssetning skólans hafi borið einhvern árangur, sem og má ætla að orðspor skólans sem fjarnámsskóli skili nemendum einnig inn. Það verður spennandi að sjá hvort að sú þróun haldi áfram á næsta skólaári. Þá hafa stjórnendur skólans verið í samskiptum við stjórnendur Skólans í skýjunum um að verða einskonar „heimaskóli“ þeirra, en í ljósi þess eðlis sem námið er í Skólanum í skýjunum ætti FSN að henta einstaklega vel fyrir þá nemendur. Þar er sóknarfæri eins og á fleiri stöðum.

Huga að tengslum kennara og starfsfólks við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði og nærsamfélagið: Haustið 2022 var ákveðið að fjölga markvisst ferðum kennara í Framhaldsdeildina á Patreksfirði með því, fyrst og fremst, að skipuleggja ferðirnar þannig að farið væri á fyrirfram ákveðnum dagsetningum sem kennarar gætu skráð sig á. Þetta hefur komið í veg fyrir, að einhverju leyti, að kennarar fresti ferðum eins og oft kom fyrir áður. Þetta hefur gengið ágætlega og hefur áhugi fyrir ferðum meðal kennara aukist. Unnið verður að þessu áfram, auk þess sem ferðirnar verði notaðar til að auka samskipti við stofnanir á svæðinu, svo sem grunnskóla. Á liðnu skólaári fóru kennarar í unglingsdeildir grunnskólanna á svæðinu og auk þess var haldinn sérstakur framhaldsskólahermir fyrir nemendur á svæðinu í apríl 2024. Staða Framhaldsdeildarinnar er sem stendur dálítið erfið vegna fárra nemenda á upptökusvæðinu en starfsfólk FSN hefur gert allt sem í þeirra valdi stendur til að hlúa að deildinni og mun halda því áfram. Þá var samráðsfundurinn sem fjallað var um hér að ofan einnig mikilvægur þáttur í eflingu deildarinnar.

Að nemendum í skólanum líði almennt betur og draga úr þunglyndi og kvíða: Það er ljóst á mælingum sem framkvæmdar voru á skólaárinu að nemendur eru hamingjusamari, kvíði er minni og svefnleysi minna auk þess sem tilfellum af ofbeldi og áreitni fækkar milli ára. Þetta er

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023



mjög jákvæð þróun sem þarf að fylgja eftir. Vel að merkja hafa verið haldnir þemadagar um geðheilbrigði sem spila væntanlega hér inn í. Það er gott að sjá að það gæti verið að skila sér.

Af þessu má sjá að vel hefur gengið í flestum tilvikum að vinna að úrbótum skv. áætlun síðasta skólaárs. Úrbótaáætlun fyrir næsta skólaár má sjá hér að neðan (fylgiskjal 3) og byggir hún að mörgu leyti á sömu eða svipuðum atriðum. Þar bætist við markmiðið að auka samvinnu við aðila, fyrirtæki og stofnanir utan skólans til að auka hróður skólans og fjölga tækifærum í nýsköpun. Samvinna þessi myndi ekki aðeins nýtast skólanum heldur auðga samfélagið í kring um hann.



5 Viðaukar og fylgiskjöl

5.1 Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla



Áfangaskýrsla kennara vegna vorannar 2024

Ég bið ykkur um að senda skólameistara áfangaskýrslu í síðasta lagi 31.maí.
Hver kennari skilar skýrslu um hvern áfanga sem hann kennir á önninni.

Áfangi	Önn	Kennari

1. Stutt skýrsla um kennsluna og yfirferð námsefnis:
2. Hvernig hafa vinnustundirnar verið nýttar af nemendum og kennara?
3. Námsmat/Dreifing einkunna – skýrsla úr INNU.
 - a. Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag):
 - b. Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag):
 - c. Hlutfall nemenda með falleinkunn:
 - d. Meðaleinkunn:
 - e. Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU):
4. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi áfangann, hverju ætti að breyta og hvað hefur gengið vel.
 - a. Vegna fagsins (kennsluáætlun, kennsluefni, skipulag áfangans, yfirferð, námsmat o.þ.h.)
 - b. Vegna annars (aðstaða, töfluskipulag, kennsla að heiman o.þ.h.)
5. FSN:
 - a. Styrkleikar:
 - b. Veikleikar:
 - c. Tækifæri:



5.2 Fylgiskjal 3 - Úrbótaáætlun 2023-2024

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Samhæfa stefnur skólans, fækka þeim og gera aðgengilegri	Einkunnarorð skólans verði sýnileg og fléttuð inn í skólastarf og stefnumótun.	Viðhorfskannanir. Rýnihópaviðtöl. Fjöldi stefna á heimasíðu	Stefna skólans endurskoðuð út frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið með það að markmiði að þær séu skýrari og einfaldari	Skólameistari/mannauðsstjóri
Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi	Nemendafélag verði virkt á skólaárinu og standi fyrir viðburðum í samvinnu við aðra skóla	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla.	Stuðningur við nemendur í upphafi skólaárs og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	NFSN/Tengiliður við nemendafélag
Að bæta viðhorf gagnvart stjórnun skólans og ímynd stofnunar	Viðhorf starfsfólks verði komið yfir landsmeðaltal í þessum matsþáttum	Stofnun ársins 2023	Unnið frekar með þær upplýsingar sem fengust úr stofnun ársins 2022, mannauðsmælingum og fundum með starfsfólki	Mannauðsstjóri
Að fjölga fjarnemum við skólann til að sporna við við fækkun nemenda í skólanum vegna fækkunar í komandi nýnemaárgöngum	Lögð verði aukin vinna í markaðssetningu á skólanum sem fjarnámsskóla	Fjöldi nýrra fjarnema. Viðhorfskannanir.	Starfsmaður fenginn til að sinna markaðsmálum á markvissan hátt	Skólameistari/Mannauðsstjóri
Huga að tengslum kennara og starfsfólks við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði og nærsamfélagið	Lagt verður upp úr því að hvetja kennara til þess að fara oftari til Patreksfjarðar. Þá verði ferðirnar notaðar	Fjöldi kennara og starfsfólks sem fer í heimsókn í Framhaldsdeildina á Patreksfirði. Viðhorfskönnun og	Skipulagðar ferðir á ákveðnum dagsetningum. Aukin samskipti við grunnskóla á svæðinu	Skólameistari. Deildarstjóri Framhaldsdeildar.

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023



	til að efla samskipti við stofnanir á borð við grunnskóla	viðtöl við nemendur og foreldra á Patreksfirði		
Að nemendum í skólanum líði almennt betur og draga úr þunglyndi og kvíða.	Að kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í könnun.	Framhaldsskólalapsinn Viðhorfskönnun	Sálfræðiþjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfseflingu	Skólameistari/Stýrihópur um Heilsueflandi framhaldsskóla

5.3 Fylgiskjal 3 – Úrbótaáætlun 2024-25

Úrbótaáætlun 2024-2025

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Klára að samhæfa stefnur m.v. einkunnarorð og sameina stefnur til að einfalda yfirsýn og eftirfylgni	Einkunnarorð skólans verði sýnileg og fléttuð inn í skólastarf og stefnumótun. Stefnur séu sameinaðar þar sem það á við	Fjöldi stefna á heimasíðu Verkáætlun fyrir stefnumótun	Stefna skólans endurskoðuð út frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið að einkunnarorðum skólans og hún gerð skýrari og meira áberandi	Skólameistari/mannauðsstjóri
Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi, bæði á Snæfellsnesi og á Patreksfirði	Nemendafélag verði virkt á skólaárinu og standi fyrir viðburðum.	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla.	Stuðningur við nemendur í upphafi skólaárs og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	NFSN/Tengiliður við nemendafélag
Að halda áfram að fjölga fjarnemum við	Lögð verði aukin vinna í markaðssetningu	Fjöldi nýrra fjarnema Viðhorfskannanir meðal fjarnema	Starfsmaður fenginn til að sinna	Skólameistari/ Aðstoðarskólameistari

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023



skólann til að sporna við við fækkun nemenda í skólanum vegna fækkunar í komandi nýnemaárgöngum	á skólanum sem fjarnámsskóla		markaðsmálum á markvissan hátt	
Viðhalda tengslum kennara og starfsfólks við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði og grunnskóla á svæðinu	Stuðla að því að farið sé í allar skipulagðar ferðir til Patreksfjarðar, sem og að efla þáttöku nemenda þáðan þegar þau koma í staðlotur.	Fjöldi kennara og starfsfólks sem fer í heimsókn í Framhaldsdeildina á Patreksfirði. Viðhorfskönnun og viðtöl við nemendur og foreldra á Patreksfirði	Starfsfólk og kennarar hvattir til að fara vestur á starfsmannafundum.	Skólameistari/ aðstoðarskólameistari
Að nemendum í skólanum líði almennt og vinna gegn þunglyndi, kvíða og	Að kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í könnun.	Framhaldsskólalapsinn	Sálfræðipjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfseflingu	Skólameistari/Stýrihópur um Heilsueflandi framhaldsskóla
Að auka tengsl við stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki á upptökusvæðinu	Auka hróður skólans í nærsamfélaginu og fjölga um leið tækifærum í nýsköpun með aukinni samvinnu	Fjöldi staðfesta samstarfsaðila Jákvæð umfjöllun á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum	Stofna til samvinnu með því að skrifa undir samninga og viljayfirlýsinga við einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki	Skólameistari/ Aðstoðarskólameistari

